

79. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, **6. desember (á Nikulásarmessu) 2021**
kl. 16:30-17:30 á Teams.

Fundinn sátu: Erla Björk Örnólfsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Jón E. Friðriksson, Laufey K. Skúladóttir og Sigríður Sigurðardóttir, sem ritaði fundargjörð.

Dagskrá fundar var kynnt svohljóðandi og samþykkt:

1. Fundargerð síðasta fundar.
 2. Framvinda endurskoðunar skipurits.
 3. Skipunartími rektors.
 4. Fjárheimild og fjárlög.
 5. Umsókn um rannsóknaleyfi.
 6. Önnur mál.
1. Rektor setti fundinn og lagði 78. fundargerð til samþykktar og var hún staðfest.
 2. Framvinda endurskoðunar skipurits. Nýir starfsmenn, sviðsstjórar MGR (mannauðs, gæða og rekstrar) og RNK (rannsókna, nýsköpunar og kennslu), hófu störf 1. nóvember sl. Í mörg horn er að líta. Svo sem að vinna úr vanda sem Hestafræðideildarstarfsmenn eiga við að etja. Bústörfin hafa verið í erfiðri stöðu frá hausti og hafa valdið aukinni togstreytu vegna álags, sem þarf að leysa. Staða umsjónarmanns hesta og hesthúsa verður auglýst í upphafi næsta árs.
 3. Skipunartími rektors rennur út 1. júní 2022. Rektor óskar ekki eftir endurkjöri. Samkvæmt lögum ber háskólaráði að auglýsa starfið.
 4. Fjárheimild og fjárlög. Gert er ráð fyrir hækkun um 4,8 millj. kr. milli ára á fjárlögum 2022 til Háskólans á Hólum, sem er áberandi langminnsta hækkun til háskólastarfs sé miðað við aðra háskóla landsins. Háskólaráð biður rektor um að óska eftir skýringum vegna þessa. Í fjárlögum kemur fram fjárheimild til aukinnar aðstöðu fyrir Hestafræðideild Háskólans á Hólum.
 5. Umsókn um rannsóknaleyfi. Bjarni Kristófer Kristjánsson, prófessor við Fiskeldis- og fiskalíffræðideild, hefur óskað eftir rannsóknarleyfi frá hausti 2022 til vors 2023. Háskólaráð veitir leyfið og óskar honum alls hins besta og góðs árangurs.
 6. Önnur mál.
 - Húsnæðið í Verinu. Samræður halda áfram á milli Fisk Seafood og Háskólans á Hólum um aðstöðu Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar í húsnæði fyrirtækisins, Verinu á Sauðárkróki. Skriflegt svar við fyrirspurn rektors HH til Fisk Seafood vegna skilaboða fyrirtækisins um að deildin verði að gera ráðstafanir til að færa starfsaðstöðuna úr Verinu hefur enn ekki borist.
 - Rektor kynnti breytingar sem þarf að gera á starfsreglum skólans í þá veru að nemendur eiga hvorki að hafa fulltrúa í kennslunefnd né framhaldsnámsnefnd, eins og þar er tekið fram. Þessu verður breytt.